

rikissjóðs, kr. 800.00 auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 1. janúar 1954 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. marz 1956.

**Nr. 20/1956. Bæjarfógetinn á Akureyri f. h. rikissjóðs
gegn
Bókaverzluninni Eddu h/f.**

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómaramir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannes-
son prófessor.

Kærumál. Um málskostnað.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. febrúar þ. á., er barst Hæstarétti 20. s. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms, sem upp var kveðinn 13. febrúar þ. á. í bæjarþingsmáli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða hæfilegan málskostnað í héraði svo og kostnað af kærumáli þessu.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð í málinu.

Eftir málsatvikum þykir bera að staðfesta þá ákvörðun héraðsdóms, að hvor aðilja beri kostnað sinn af bæjarþingsmálinu.

Þar sem varnaraðili hefur eigi krafizt kærumálskostnaðar, verður hann eigi dæmdur.

Kæra máls þessa er að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð :

Óraskað er málskostnaðarákvæði í framangreindu bæjarþingsmáli.

Dómur bæjarþings Akureyrar 13. febrúar 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur bæjarfógetinn á Akureyri sem innheimtumaður ríkissjóðs höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, út gefinni 9. september 1955, gegn Bóka-verzluninni Eddu h/f, hér í bænum, til greiðslu á vangoldnum söluskatti, álögðum á gjaldtímabilum söluskatts á tímabilinu 1. janúar 1948 til 31. desember 1951, að fjárhæð kr. 3355.00, auk dráttarvaxta, 1% á mánuði frá 1. janúar 1954 til greiðsludags, og málskostnaðar eftir framlögðum reikningi eða mati dómara. Við munnlegan flutning málsins var gerð sú varakrafa, að stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1000.00 auk dráttarvaxta og hæfilegs málskostnaðar.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara lækkunar á stefnukröfunni.

Með úrskurði, upp kveðnum 26. september s.l., vék hinn reglulegi dómari, Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti, sæti í málinu. Dómsmálaráðuneytið skipaði því með bréfi, dagsettu 25. nóvember s.l., Björn Hermannsson, lögfræðing á Akureyri, til þess að fara með og dæma mál þetta.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1948 gaf stefndi skattfyrirvöldunum hér í bænum skýrslu um viðskipti sín, sem skattlögð voru til söluskatts það ár. Eftir það mun hann ekki hafa gefið slíka skýrslu, og er því álagður söluskattur fyrir hin tímabilin áætlunarupphæðir. Söluskattskyldar tekjur bóksala af bókum, sem þeir höfðu í umboðssölu, voru fram á árið 1951 reiknaðar af fullu söluverði bókanna. Með hæstaréttardómi, upp kveðnum 1. júní 1951, voru ákvæði 21. og 22. gr. laga nr. 100/1948 skýrð á þá lund, að söluskattur af bókum, er bóksali hefur í umboðssölu, skuli aðeins greiddur af umboðspóknun bóksalans. Í samræmi við þessa lögskýringu Hæstaréttar var áðurnefndum lögum breytt með lögum nr. 107/1951.

Í samræmi við þessar breyttu aðstæður leiðrétti skattstjórinn á Akureyri hinn álagða söluskatt stefnda með bréfi til innheimtumanns ríkissjóðs hér, dagsettu 4. nóvember 1953, þannig að áætlað var, að söluskatturinn lækkaði um kr. 7800.00. Með sama bréfi gerði skattstjórinn stefnda að greiða kr. 1000.00 í viðbótarsöluskatt fyrir árið 1951. Alls hafði á þessu tímabili tilfallinn söluskattur stefnda numið kr. 19.653.00 (þar innifaldar kr. 1000.00, sem er viðbótarsöluskattur fyrir árið 1951), en af þeirri upphæð höfðu kr. 9135.00 verið felldar niður og kr. 7163.00 greiddar. Eftirstöðvarnar, kr. 3355.00, er sú upphæð, sem dóms er krafizt um í máli þessu.

Á árinu 1948 hafði stefndi greitt álagðan söluskatt að fullu. Einnig hafði hann greitt söluskatt á árinu 1951 að fullu. Hinn vangreiddi söluskattur er því tilfallinn á árinu 1949 og 1950 auk hækkunar fyrir árið 1951, sem gerð var með bréfi skattstjóra 4. nóvember 1953.

Stefnandi krefst þess, að stefnda verði gert að greiða eftirstöðvarnar, kr. 3355.00, að fullu. Byggir hann þá kröfu sína á því, að skoða megi stefnda sem umboðsmann hins opinbera við innheimtu skattsins. Skatturinn sé ekki lagður á stefnda persónulega, eins og aðrir skattar, heldur sé skattur þessi lagður á neytendurna, og sé stefndi því nokkurs konar umboðsmaður innheimtumannsins við skattheimtuna.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda, og er sýknukrafan byggð á því, að krafa sú, sem dóms er leitað um, eða a. m. k. mikill meiri hluti hennar, sé fyrnd, og hefur hann því til stuðnings vitnað til 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Stefnandi hefur mótmælt því, að kröfur þessar fyrnist samkvæmt þessari grein, heldur falli þær undir undantekningarákvæði 4. gr. sömu laga, þar sem talað er um ábyrgð á fjárskilum opinberra gjaldheimtumanna.

Rétturinn getur ekki fallizt á þá röksemd stefnanda, að stefndi sé opinber gjaldheimtumaður eða að honum verði jafnað til opinbers innheimtumanns á nokkurn hátt. Að áliti réttarins fyrnast kröfur þær, sem hér um ræðir, samkvæmt 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, það er á 4 árum. Samkvæmt því verður að telja söluskatt þann, sem á stefnda var lagður árin 1949 og 1950, fyrndan.

Kemur þá til álita upphæð sú, sem stefnda var gert að greiða í viðbótarsöluskatt fyrir árið 1951 með bréfi skattstjóra, dagsettu 4. nóvember 1953. Stefndi hefur haldið fram, að hluti af þeirri upphæð eigi að teljast fyrndur, þar sem upphæðin eigi að jafnast niður á allt árið 1951, eða ef það verði ekki tekið til greina, að stefnda verði heimilað að skuldajafna þeim kr. 7800.00, sem söluskattur stefnda var lækkaður um með sama bréfi skattstjóra, gegn þessum kr. 1000.00.

Ekki verður fallizt á það með stefnda, að hluti af þessum viðbótarsöluskatti sé fyrndur, enda gat upphæð þessi ekki orðið gjaldkræf, fyrr en eftir að hún var álögð, það er eftir 4. nóvember 1953. Ekki verður heldur fallizt á, að þessar kr. 7800.00, sem söluskattur stefnda var lækkaður um með margnefndu bréfi skattstjóra, eða sá hluti, sem þegar var greiddur, þ. e. lækkun fyrir árið 1948, séu þess eðlis, að stefnda sé eftirá heimilt að nota þær til skuldajafnaðar gegn viðbótargreiðslu fyrir árið 1951, og

verður því að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda kr. 1000.00 auk dráttarvaxta, eins og krafizt er.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Bókaverzlunin Edda h/f, greiði stefnanda, bæjarfógetanum á Akureyri sem innheimtumanni ríkissjóðs, kr. 1000.00 auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 1. janúar 1954 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. marz 1956.

Nr. 139/1955. **Ákærvaldið** (Jóhannes Elíasson hdl.)

gegn

Guðmundi Ísleifi Gíslasyni (Ragnar Ólafsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Sjóslys. Manndráp af gáleysi. Brot gegn 261. gr. sbr. 264. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að ákærði verður ekki sviptur stýrimannsréttindum, þar sem þess er eigi krafizt í ákæruskjali.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðmundur Ísleifur Gíslason, sæti fangelsi 6 mánuði.